

Áherslupunktur notendaráðs fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Fjárhagsáætlun 2022

Ráðgjafaráð er starfandi í Hafnarfirði, ráðinu er ætlað að vera ráðgefandi við bæjaryfirvöld og stofnanir bæjarins og vera talsmaður fatlaðra bæjarbúa hvað varðar skipulag og framkvæmd þjónustunnar.

Margrét Vala Marteinsdóttir

Kristjana Ósk Jónsdóttir

Hulda Sólveig Jóhannsdóttir

Egill Fjeldsted tilnefndur af ÖBÍ

Þórarinn Þórhallsson tilnefndur af ÖBÍ

Í ráðið vantar tvo fulltrúa frá Þroskahjálp.

Aðgengismál

1. Ráðgjafaráð Hafnarfjarðar leggur áherslu á að farið sé eftir reglugerðum strax á byggingastigi. Mikilvægt er að ekki sé gefið út rekstrarleyfi fyrr en aðgengisúttekt hefur farið fram og að það sé sett inn í stefnu Hafnarfjarðar. Öllum rekstarleyfum skuli fylgja viðurkennd aðgengisáætlun.

Ráðgjafaráðið fagnar því að starfshópur hafi verið settur af stað varðandi aðgengismál. Ítrekum að opinberar byggingingar séu þar undir ásamt aðgengi að þjónustu og upplýsingum. Aðgengi snýr ekki bara að þröskuldum-heldur líka að upplýsingum.

Við þurfum í dag ekki að fara á bæjarskrifstofuna til að fá upplýsingar en þá þurfa upplýsingar að vera aðgengilegar. Mikilvægt er að hafa notendur með í ráðum við uppsetningu á aðgengilegum upplýsingum.

Ráðgjafaráð leggur áherslu á gerð yrði úttekt, aðgerðarplan og framkvæmdaráætlun á aðgengi á öllum opinberum byggingum Hafnarfjarðar, opnum svæðum og upplýsingaveitum.

2. Ráðgjafaráð leggur til að farið yrði í stór-átak í að gera upplýsingar frá Hafnarfirði aðgengilegar. Endurskoða þarf vefsvæði Hafnarfjarðar með tilliti til aðgengismála.
-Lögð yðri áhersla á að á vefsvæði Hafnarfjarðar sé farið úr því einfalda yfir í það flókna. Hægt er að horfa til Reykjavíkurborgar og þeirrar vinnu sem hefur farið fram í aðgengismálum að upplýsingum.
3. Ráðgjafaráð leggur til að litlu staurarnir á Strandgötunni yrðu allir málaðir eins og var gert síðastliðið sumar. Það hefur reynst sjónskertu fólki vel og mætti huga að því að mála staura Hafnarfjarðar í litum.
4. Ráðgjafaráð leggur til að Hafnarfjörður sýni frumkvæði og sett verði af stað vinnu í að rampa upp Hafnarfjörð.
5. Mikilvægt er að auka frístundatilboð fyrir jaðarsett ungmenni. Lögð verði áhersla á að auka aðgengi jarðarsettra ungmenni að félagslegu umhverfi. Verkefni sem hægt væri að horfa til eru t.d Noobs hjá Nexus.

Önnur mál

1. Ráðgjafaráð óskar eftir því að fundartímum ráðsins verði fjöldað úr 8 í 10 á ári.
Ráðgjafaráð hefur verið að lenda í tímaþröng vegna fárra funda á ári. Margir fundir hafa farið í umsagnir fyrir Gæða og eftirlitsstofnun og því minni tími gefist til að ræða önnur mál.
2. Ráðgjafaráð leggur til að haldin yrði stefnufundur með fötluðu fólki í Hafnarfirði sem nýtir félagsþjónustu sveitarfélagsins.
Með stefnuþinginu er hægt að auka samráð við notendur og kalla úr íbúamenginu áhugasamt fólk til að taka þátt í ráðgjafaráðinu.
Félagsþjónustan hefur aðgengi að þeim sem nýta þjónustuna og því auðvelt að senda út upplýsingar um stefnuþingið.
Mikilvægt er að fá áhugasama notendur að borðinu. Undanfarin misseri hefur Notendaráðið ekki haft fulltrúa frá Þroskahjálp og því vantar ákveðna breydd í hópinn.
Ef margir hefðu áhuga á að taka þátt í starfi ráðgjafaráðs, þá væri einfaldlega hægt að halda kosningu innan stefnuþingsins.
Í kjölfarið myndi ráðgjafaráðið hafa viðtækt samráð við samtök fatlaðs fólks og aðra þá aðila sem láta málefni þeirra til sín taka og hafa áhrif á stefnumótun og þróun hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks í

Hafnarfirði í stað þess að stór hagsmunasamtök myndu tilnefna aðila í ráðið.